



Tatjana Latinović

Tatjana Latinović hefur búið á Íslandi síðan 1994. Hún er með gráður í ensku og þýsku og bókmenntum frá Króatíu, auk íslensku og bókmennta frá Háskóla Íslands. Hún hefur í gegnum árin setið í ýmsum nefndum og stjórnunum sem tengjast vísindum og nýsköpun.

Tatjana hefur verið virkur mannréttindafrömuður allt frá því hún flutti til Íslands, með áherslu á femínísk málefni og réttindi innflytjenda. Hún er núverandi formaður Kvenréttindafélags Íslands og jafnframt fyrsti innflytjandinn sem hefur verið kjörinn til þess embættis frá stofnun félagsins árið 1907. Tatjana hlaut heiðursviðurkenningu þýðenda, Orðstír, árið 2025.

Tatjana Latinović hefur m.a. þýtt á serbnesku:

Skugga-Baldur eftir Sjón (Ptičje mleko), Geopoetika, Belgrad, 2005

Mýrin eftir Arnald Indriðason (Močvara), Booka, Belgrad, 2013

Grafarþögn eftir Arnald Indriðason (Grobna tišina), Booka, Belgrad, 2014

Jarðnæði eftir Oddnýju Eir Ævarsdóttur (Prostori), Heliks, Smederevo, 2017

Skáldsaga um Jón eftir Ófeig Sigurðsson (Priča o Jonu), Heliks, Smederevo, 2017

Röddin eftir Arnald Indriðason (Glas anđela), Booka, Belgrad, 2017

Tvöfalt gler eftir Halldóru Thoroddsen (Dvostruko staklo), Heliks, Smederevo, 2019

Milli trjáanna eftir Gyrði Elíasson (Među drvećem), Heliks, Smederevo, 2020

Fiskarnir hafa enga fætur eftir Jón Kalman Stefánsson (Ribe nemaju noge), Heliks, Smederevo, 2021

Ör eftir Auði Övu Ólafsdóttur (Hotel Tišina), Odiseja, Belgrad, 2022

Ungfrú Ísland eftir Auði Övu Ólafsdóttur (Mis Islanda), Heliks, Smederevo, 2022

Tatjana Latinović hefur m.a. þýtt á króatísku:

Heimsskautasirkus eftir Sigurbjörgu Prastardóttur (Polarni cirkus), Versopolis fyrir Goranovo Proljeće hátíðina, Króatía, 2015

Skugga-Baldur eftir Sjón (Plava lisica), v/b/z, Zagreb, 2016

Englar alheimsins eftir Einar Má Guðmundsson (Svemirski anđeli), Hena, Zagreb, 2019

Ör eftir Auði Övu Ólafsdóttur (Hotel Tišina), Sandorf, Zagreb, 2020

Mánasteinn: drengurinn sem aldrei var til eftir Sjón (Kameni dječak), v/b/z, Zagreb, 2023



Catherine Eyjólfsson

Á síðari árum hefur orðstír íslenskra bókmennta í Frakklandi vaxið til muna.

Íslensk fornrit og rit Halldórs Laxness náðu ágætri fótfestu á frönskum bókamarkaði á tuttugustu öld en frá aldamótum hefur þýðingum á íslenskum samtímaskáldskap fjölgað og þær vakið verðskuldaða athygli. Meðal þeirra sem eiga ríka hlutdeild í þessari velgengni er Catherine Eyjólfsson sem fluttist til Íslands frá Frakklandi árið 1972, starfaði lengi sem frönskukennari en sneri sér á tíunda áratugnum að þýðingum.

Catherine hefur þýtt yfir 40 íslensk verk, þar á meðal skáldsögur og ljóð eftir mörg fremstu núlifandi skáld þjóðarinnar, svo sem Auði Övu Ólafsdóttur, Einar Mú Guðmundsson, Guðberg Bergsson, Guðrúnu Evu Mínervudóttur, Gyrði Elíasson, Ingibjörgu Haraldsdóttur, Lindu Vilhjálmsdóttur, Pétur Gunnarsson, Sigurbjörgu Þrastardóttur, Sjón, Steinunni Sigurðardóttur, Svövu Jakobsdóttur og Thor Vilhjálmsson. Sum þessara verka hafa verið tilnefnd til virtra verðlauna, nú síðast þýðing Catherine á *Svari við bréfi Helgu* eftir Bergsvein Birgisson sem tilnefnd er til verðlauna sem Háskólinn í Lille veitir höfundu og þýðanda í sameiningu. Catherine Eyjólfsson hlaut heiðursviðurkenningu þýðenda, Orðstír, árið 2015.



Larissa Kyzer

Larissa Kyzer er rithöfundur og þýðandi sem þýðir íslenskar bókmenntir yfir á ensku. Þýðing hennar á *A Fist or a Heart* eftir Kristínu Eiríksdóttur hlaut þýðingarverðlaun American Scandinavian Foundation árið 2019. Sama ár var hún gestarithöfundur við Princeton-háskóla. Árið 2021 ritstýrði hún "On the Edge" í *Words Without Borders*, þar sem sjónum var beint að nýjum íslenskum bókmenntum. Nýlegar þýðingar hennar eru meðal annars *The Fires* (2023) og *The Mark* (2024). Hún hefur hlotið styrki frá Fulbright, Menntamálaráðuneytinu, Bókmenntamiðstöð Íslands og Kone-stofnuninni í Finnlandi. Hún situr í stjórn American Literary Translators Association og hefur verið í forsvari fyrir PEN America Translation Committee. Hún stofnaði einnig rafrænu viðburðaröðina Jill! sem miðar að því að kynna konur og kynsegin einstaklinga í þýðingum.

Á meðal þeirra bóka sem Larissa Kyzer hefur þýtt eru:

Merking (The Mark) – Fríða Ísberg (2024)

Eldarnir (The Fires) – Sigríður Hagalín Björnsdóttir (2023)

4 sögur (Reading the City: The Book of Reykjavík) (2021)

Elín, ýmislegt (A Fist or a Heart) – Kristín Eiríksdóttir (2019)



Martina Kašparová

Martina Kašparová starfar sem lausráðinn þýðandi á íslenskum og sænskum bókmenntum og kvikmyndum yfir á móðurmál sitt, tékknesku. Hún lauk MA-gráðu í þýðingafræði (þýska/tékkneska) og sænsku við Karls-háskóla í Prag og BA-gráðu í íslensku sem annað mál við Háskóla Íslands. Hún sérhæfir sig í bókmennta- og kvikmyndaþýðingum og hefur unnið við þýðingar og prófarkalestur fyrir ýmis forlög og kvikmyndafyrirtæki í Tékklandi. Hún starfaði einnig í yfir áratug sem verkefnastjóri hjá Norræna menningarsetrinu Skandinavíska húsið í Prag.

Á meðal þeirra bóka sem Martina Kašparová hefur þýtt eru:

Delluferðin – Sigrún Pálsdóttir (2024)

Eldarnir. Ástin og aðrar hamfarir – Sigríður Hagalín Björnsdóttir (2022)

Tvöfalt gler – Halldóra Thoroddsen (2022)

Aftur og aftur – Halldór Armand (2020)

Snjóblinda, Þorpið, Mistur – Ragnar Jónasson (2019–2022)

Vetrarfrí, Vetrarhörkur – Hildur Knútsdóttir (2018)

Úlfur og Edda: Dýrgripurinn – Kristín Ragna Gunnarsdóttir (2018)

Rigning í nóvember, Ör, Dýralíf – Auður Ava Ólafsdóttir (2017–2021)

Argóarflísin – Sjón (2016)